


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

VIÐ ÞEKKJUM
TILFINNINGUNA



CINTAMANI BANKASTRÆTI 7
101 REYKJAVÍK, S. 533 3390

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3805

CINTAMANI KRINGLUNNI
103 REYKJAVÍK, S. 533 3003



CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

Ritstjóri Monitor var valinn Ræðumaður Íslands árin 2004 og 2005.

JÓHANN, MAGNÚS OG AUBUNN
SÁTTIR MEÐ BIKARINN.
Á MYNDINA VANTAR LIÐSMANNINN ÓLA.



Loksins rættist draumurinn

Úrslitaviðureign ræðukeppninnar MORFÍS fór fram á þriðjudagskvöldið. Þar öttu kappi lið Menntaskólans í Reykjavík og Menntaskólans við Sund og fór MR með sigur af hólmi. Ræðumaður Íslands árið 2011 er þó MS-ingurinn Þórir Freyr Finnbogason. Monitor ræddi við Jóhann Pál Jóhannsson úr liði MR-inga um undirbúninginn og langþráðan draum.

„Þetta var ótrúlega sætur sigur og um leið mjög fyndinn í ljósi þess að enginn okkar er frjálshyggjumaður og við allir frekar vinstrisinnadoir,“ segir Jóhann Pál Jóhannsson, stuðningsmaður í ræðuliði MR-inga, sem fór með sigur af hólmi í úrslitaviðureign MORFÍS þar sem rökrætt var um frjálshyggju fyrir í vikunni. Jóhann Páll hefur verið í ræðuliðinu öll sín ár í MR og hefur því haft augu á sigrinum lengi. „Við erum allir búnir að vinna mikið fyrir þessu og loksins rættist draumurinn,“ segir Jóhann Páll og bendir á að mikið hafi verið í húfi fyrir MR-inga í Háskólabíói á þriðjudagskvöldið. „Við vildum endurheimta Háskólabíósstoltið,“ segir hann og vísar í úrslitaviðureignina í Gettu betur sem fór nýlega fram í Háskólabíói en þá þurftu MR-ingar að láta í minni pokann fyrir sigurliði Kvennaskólans.

Mikilvægara að sigra keppnina

Jóhann Páll segist ekki bera kala til Þóris Freys sem hlaut titil Ræðumanns Íslands þrátt fyrir að vera í tapliði úrslitakvöldsins. „Við sættum okkur við það enda er miklu mikilvægara að vinna keppnina en að eiga ræðumanninn,“ segir Jóhann Páll og hrósar Þóri fyrir góða frammistöðu í keppninni. „Hann var flottur,“ viðurkennir Jóhann Páll sem segist ekki hafa fengið leið á liðsfélagunum þrátt fyrir alla samveruna í vetur. „Við erum fjölskylda og höfum lært að elska hvern annan.“

Hefur þælt mikið í Bill Clinton

MS-ingurinn Þórir Freyr var valinn Ræðumaður Íslands í úrslitakeppni MORFÍS á þriðjudagskvöldið. „Ég er ekki alveg búinn að átta mig á þessu ennþá,“ sagði Þórir þegar Monitor náði tali af honum nývöknudum daginn eftir sigurinn.

Blendnar tilfinningar

„Mér finnst þetta auðvitað geðveikt enda er þetta mikill heiður,“ bendir hann á og segist hafa þráð titilinn lengi. Hann segist þó glíma við blendnar tilfinningar eftir sigurinn enda tapaði lið hans úrslitunum með 40 stigum. „Þetta er áfangi fyrir mig sem einstakling og ræðumann en um leið svo ógeðslega leiðinlegt fyrir mig sem liðsmann,“ segir hann skúffaður með tap liðsins.



Engin sérstök keppnisrútna

Allir liðsmenn MS-inga voru að keppa í MORFÍS í fyrsta skipti. Hann segist ekki vera með nein sérstök brögð til að undirbúa sig fyrir keppni. „Í rauninni er ekkert sérstakt sem ég geri fyrir keppni nema að einbeita mér mikið. Ég hlusta ekki á eitthvað ákveðið Sigur-rósarlag eða neitt slíkt,“ segir ræðumaðurinn knái sem á sér þó nokkrar fyrirmyndir í ræðumennskunni. „Forverar mínir eru allir fantagóðir og þá sérstaklega Hafsteinn Gunnar Hauksson, hann er frábær ræðumaður,“ segir hann og bætir við að fyrrum Bandaríkjaforseti sé líka í miklu upphaldi hjá sér. „Ég hef þælt mikið í Bill Clinton.“

Monitor mælir með

GÖGGINN Skyndibitastaðurinn Ali Baba hefur staðið við Ingólfstorg í nokkur ár núna.

Par eru fáanleg helfersk kebab sem klikka ekki. Menntaskælingar og aðrir sem vinna í miðbænum eru algeng sjón á staðnum í hádeginu á virkum dögum en einnig er staðurinn tilvalinn stoppustöð að miðbæjarskralli loknu um rauða nótt. Ofar öðru er réttur númer sex, Showerma-rúllan.



NÆRFATASKÚFFUNA Frönsku sokkabuxurnar frá DIM eru

ómissandi í fataforða hvers kvenmanns. Aðalpartitrix helgarinnar er að eiga að minnsta kosti eitt par af sokkabuxunum sem fá einfaldlega ekki lykkjufall. Hægt væri að velta sér upp úr götunni í miðbæ Reykjavíkur án þess að lykkjufall líti dagsins ljós.



FEVRUN Tónlistarhátíðin Reykjavík Music Mess sem fram fer um helgina er splunkuný á nálinni.

Hér er á ferðinni metnaðarfullt framtak með þrusu-hljóm-sveitum. 15.- 17. apríl eru því allir tónlistar-runnendur hvattir til að flakka á milli Nasa, Sódómu og Norræna hússins þar sem reikna má með ósviknu tónleikafjöri. Sjá nánar á bls. 8 í blaðinu.



Vikan á...

facebook

Sveinn Andri Sveinsson
„A man is only as old as the woman he feels.“ (Groucho Marx)

13. apríl kl. 01:08

Sigga Kling
Ég vill mann sem er meiri háttar kjút ég vill mann

sem býður kellu út ég vill mann sem neglir nagla á vegg vitið þið hvar ég finn þennan eðalstegg.....tralalavoffvoff

12. apríl kl. 15:25

Óli Geir
Geggaður dagur, Getzinn kominn á ný dekk og kominn úr viðgerð, búinn að taka hellaða æfingu og gufu, núna eru bringur í grillinu og sætar kartöflur :D

11. apríl kl. 22:15

Vala Grand
Fékk mér Svakalega kúr i gær omg..... it was like

being in a haven while being touch by a angelþetta var svakalegt nótt mar

11. apríl kl. 14:51

Feitast í blaðinu

Dagur Sigurðsson. Sló rækilega í gegn á Söngkeppni framhaldsskólanna á Akureyri. >>>6

Skammarverðlaun Hollywood. Hress umfjöllun um Razzie-verðlaunin góðu. >>>10

Viðtalið. Halldór Gylfason er með meðaleinkunnina 6,5 í lífnu eins og í skólanum. >>>12

Blóðug bandaslít. Umfjöllun um krassandi endalok hljóm- >>>16

Lokaprófið. Vignir Snær Vigfússon þreytti Lokaprófið og stóðst það með stæl. >>>22

Efst í huga Monitor

Dimmisjón menntskælinga - óttist eigi!

Í vikunni mátti sjá ýmsar furðuverur hoppandi og skoppandi út um allar trissur undir þeim formerkjum að þar væru á ferðinni menntskælingar að dimmt-era. Með öðrum orðum er tímabil „dimmiveringa“ eða dimmission, árlegur viðburður í ýmsum framhaldsskólum landsins, gengið í garð.

Eins og margir vita gengur dimmission í grófum dráttum út á það að nemendur sem eru á leið í sín síðustu próf í menntaskólanum sínum klæða sig upp í búninga og mála bæinn rauðan. Þessu fylgja síðan ýmsar sérhefðir sem eru breytilegar milli skóla. Á meðal þeirra framhaldsskóla sem viðhalda dimmission-hefðinni eru MH, MR og MS.



Athyglisvert væri að vita hvaðan hefðin er spröttin og jafnvel hver upphaflega þælingin á bak við hana var. Var bara einhver menntskælingur sem datt í hug einn daginn að það að klæða sig upp í búning og drekka væri fullkomin leið til að kveðja framhaldsskólann sinn? Hvað sem því líður er mikilvægast að fólk láti sér ekki bregða þótt það sjái hóp af Stubbum eða Disney-figúrum á skralli um bæinn því að öllum líkindum eru það bara saklausir menntskælingar á tímamótum í sínu lífi að skemmta sér.



ÁSDÍS AUÐUNSDÓTTIR

LÖGFRÆÐI

1987

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Smábæjar- menningin heillar

Af hverju ákvaðst þú að fara í Háskólann á Akureyri? Smábæjar-
menning heillar mig þó Reykjavík
sé líka frábær. Svo er mjög mikil
alþjóðatenging í laganáminu á
Akureyri og þú getur til dæmis valið
hvort þú vilt taka mastersgráðuna á
Íslandi eða erlendis.

**Tekur námið mikinn tíma í hverri
viku?** Já, þetta er náttúrulega krefj-
andi lögfræðinám. Maður tekur próf
næstum því aðra hverja viku sem
er mikil keyrsla en maður heldur
athyglinni vel.

**Hvað er það skemmtilegasta sem
þú hefur lært hingað til?** Mér finnst
grunnfögin mjög skemmtileg sem
kom mér á óvart því margir segja
að þau séu svo þurr. Svo kennir
Háskólinn á Akureyri fag sem heitir
Alþjóðlegur einkamálaréttur sem
er ekki ósvipaður Icesave-málinu
svo það var gaman að fá innsýn inn
í það.

Hvernig er félagslífið? Það er rosa
sérstakt ef maður kemur úr Verzló
því þetta er lítil deild. Ég þekki alla í
grunnnáminu og líka eiginlega alla í
mastersnáminu. Ég sat í nemenda-
félaginu og það er allt svo opið. Ef
þú hefur áhuga á að gera eitthvað í
félagslífinu er það ekkert mál.

**Hvað er það besta við að búa á
Akureyri?** Hvað það er auðvelt að
kynnast fólki og það kemur mér
líka stöðugt á óvart hvað það er allt
til alls hérna. Þetta er svo vinalegur
bær.

Mjög öflugt félagslíf

**Af hverju ákvaðst þú að fara í
Háskólann á Akureyri?** Þetta
byrjaði nú eiginlega þannig að
ég fór í fjarnám í Háskólanum
á Akureyri í eitt ár. Fjarnámið
hentaði mér á þeim tíma og svo
leist mér svo vel á skólann að ég
ákvað að skrá mig í staðnámið.

**Tekur námið mikinn tíma
í hverri viku?** Það er mjög
misjafnt. Verkefnavinnan og
hópavinnan tekur hvað mestan
tíma held ég og oft þarf ég að
læra frameftir nóttu þegar það
eru stór verkefnaskil sem er
stressandi en samt ákveðin
stemning.

Hvernig er félagslífið? Það
er mjög gott. Það er sérstakt
nemendafélag fyrir hverja deild
og viðskiptafræðideildin er með
mjög öflugt félagslíf. Nóg af
vísindaferðum og björkvöldum
og svoleiðis.

**Hver var stærsta breytingin við
að flytja til Akureyrar?** Ég bjó
hjá foreldrum mínum áður svo
mesta breytingin var líklega að
flytja að heiman. Hérna getur
maður líka gengið allt og lífið er
rólegra.

**Hvað er það besta við að búa
á Akureyri?** Fólki er miklu
afslappaðra yfir lífinu og ekki
mikið stress og læti.

**Ert þú byrjaður að tala með
norðlenskum hreim?** Nei,
ekkert slíkt. Sumir hérna tala
mjög afgerandi en ég heyrir
engan mun hjá flestum.



EINAR HALLSSON

VIÐSKIPTAFRÆÐI

1987

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Myndir/Skapti

Háskólalíf á Akureyri

Monitor ræddi við nokkra nemendur Háskólans á Akureyri sem fluttu þangað úr höfuðborginni og forvitnaðist um félagslífið, námið og helstu kosti þess að búa á Akureyri.

Talar stundum með norð- lenskum hreim

**Af hverju ákvaðst þú að fara í
Háskólann á Akureyri?** Námið var
ekki í boði annars staðar á Íslandi
og ég var spennt að prófa eitthvað
nýtt.

**Tekur námið mikinn tíma í hverri
viku?** Já, það gerir það. Þetta tekur
mikinn tíma enda krefjandi nám
og mjög skemmtilegt.

**Hvað er það skemmtilegasta sem
þú hefur lært hingað til?** Hvernig
líkaminn virkar og hvað það er
margt sem getur haft áhrif á okkur
sem persónur.

Hvernig er félagslífið? Það er rosa-
lega gott og alltaf eitthvað um að
vera sama hvort það er á vegum
nemendafélagsins eða annarra.

**Hver var stærsta breytingin við
að flytja til Akureyrar?** Að fara frá
fjölskyldunni og það er rosalega
mikill snjór hérna miðað við í
Reykjavík.

**Hvað er það besta við að búa á
Akureyri?** Stuttar vegalengdir
og svo er veðrið einhvern veginn
hlýrra og minni rigning.

**Ert þú byrjuð að tala með norð-
lenskum hreim?** Já, ég held það
komi fyrir stundum. R-in og k-in
eru orðin harðari.

**Hvort er betra að prumpa í
stampinn eða drekka kók í bauk?**
Klárlega að drekka kók í bauk.



MARÍA EINARSDÓTTIR

IÐJUBJÁLFUNARFRÆÐI

1986

FJÖLBRAUTARSKÓLINN Í GARDABÆ

Ekkert slæmt við að búa á Akureyri

**Af hverju ákvaðst þú að fara í
Háskólann á Akureyri?** Ábyggilega
af sömu ástæðu og þeir sem fara í
Háskóla Íslands; til að mennta mig.
Það er gott að vera á Akureyri.

**Tekur námið mikinn tíma í hverri
viku?** Ég er í skólanum frá 8-16 á
hverjum degi svo þetta eru 40 tímar
á viku. Ég er að vinna í fjórum rann-
sóknnum núna. Einn helsti kosturinn
við að vera í Háskólanum á Akureyri
er að hérna eru meiri líkur á að fá
að vinna náði í rannsóknnum með
prófessorunum sínum.

Hvernig er félagslífið? Það er hörku-
gott. Núna er ég reyndar orðinn
einhver skrifstofublók og tek lítinn
þátt í félagslífinu.

**Hver var stærsta breytingin við
að flytja til Akureyrar?** Engin. Ennþá
sama tungumálið og sama fólkið,
minni Ártúnsbrekka, færri bílar og
betra að vera hérna.

**Hvað er það versta við að búa á
Akureyri?** Ég held það sé ekkert
slæmt við að búa á Akureyri.

**Ert þú byrjaður að tala með norð-
lenskum hreim?** Ég hef reyndar
alltaf talað þannig þó ég sé fæddur í
Hafnarfirði.

**Hvort er betra að prumpa í stamp-
inn eða drekka kók í bauk?** Það
hlýtur að vera best í prumpa í bauk.



SVEINN ARNARSSON

ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐI

1984

FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Nýir tímar - nýtt herbergi

LACK vegghilla 1.990,-
B110×D26cm. Hvítt

18.950,-

EXPEDIT hillueining
B149×D39, H149cm. Hvítt
Viðbótareiningar seldar sér

29.950,-

ODDA rúmgrind m/hirslu
B90×L200cm. Hvítt/svart
Rimlabotn og dýna seld sér

7.950,-

EXPEDIT skrifborð
L115×B78cm. Hvítt

SNILLE snúningsstóll
4.900,- Sæti H39-51cm
Hvítt/stál.



Skannaðu
QR kóðann
og taktu þátt!

Fermingarleikur IKEA

Nú eru aðeins örfáir dagar þangað til við drögum í skemmtilega fermingarleikum okkar. Skráningu lýkur sunnudaginn 17. apríl og dregið verður 18. apríl. Öllum fermingarbörnum ársins gefst kostur á að taka þátt. Til mikils er að vinna en sigurvegariinn fær

100.000 króna vöruúttekt í IKEA.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.IKEA.is



Frábær fermingargjöf!
Við minnum á rafrænu gjafakortin okkar. Upphæð að eigin vali.



Verslun opin **11-20** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-19:30

www.IKEA.is

Mjög blúsrökkaður gæi

Hinn tvítugi **Dagur Sigurðsson** sigraði Söngkeppni framhaldsskólanna síðustu helgi fyrir **Tækniskólann** með sinni eitursvölu blúsrödd.

„Ég hef sungið mikið frá því að ég var svona tíu ára gamall,“ segir Dagur Sigurðsson, sigurvegari Söngkeppni framhaldsskólanna í ár. Keppnin fór fram um helgina og tók Dagur lagið Helter Skelter sem Bítlamir gerðu frægt um árið. Hann öskraði eins og vanasti rokkari í gegnum lagið sem þykir frekar erfitt viðureignar. „Ég hef ekki lært söng af neinu viti en hef farið í einhverja örlitla einkakennslu,“ segir Dagur sem er engu að síður feiknagóður söngvari sem á framtíðina fyrir sér. „Mig langar til að læra söng og er búinn að reyna að komast inn í FÍH í þrjú ár en ekkert gengur,“ útskýrir Dagur og gerir grín að öllu saman. „Ég bara fæ ekki inngöngu,“ segir hann og hlær.

Söngelskir bræður

Dagur byrjaði söngferil sinn inni í herbergi með eldri bróður sínum en þeir voru duglegir við prófa sig áfram í tónlistinni á sínum yngri árum. „Við bræðurnir vorum mikið að spila og syngja saman. Við vorum tímunum saman inni í herbergi að fíka eitthvað við að spila,“ segir Dagur og bendir á að bróðir hans sé líka fær söngvari. „Hann er mjög góður söngvari þó hann sé ekki búinn að fatta það ennþá,“ útskýrir Dagur sem vonar að þeir bræðurnir geti jafnvel gert eitthvað saman í tónlistinni seinna. „Það væri algjör snilld.“

Ekki brjáláður sólógaði

Þegar Dagur var 13 ára gamall byrjaði hann í hljómsveit og þá var ekki aftur snúið. „Þá fór ég að syngja eins og brjáláðingur og hef ekki hætt síðan,“ segir Dagur sem spilar einnig á gítar. „Ég er að mestu sjálfærður á gítar og er svona í meðallagi,“ segir hann hógvæ. „Ég er allavega ekki þessi brjáláði sólógaði,“ segir Dagur sem stefnir á að starfa í tónlistargeiranum í framtíðinni og er strax byrjaður að semja eigin lög. „Ég hef samið nokkur lög en enginn hefur heyrt þau ennþá,“ útskýrir Dagur. „Þetta hefur verið bara fyrir sjálfan mig,“ segir Dagur en bendir á að lögin þurfi kannski að fara að líta dagsins ljós bráðlega. „Ég hef ekki þorað að taka þetta neitt lengra en nú er algjörlega kominn tími á það.“ Dagur segir textagerðina þó ganga heldur brósulega hjá sér. „Ég hef samið einhverja texta en er eitthvað tregur í textagerðinni,“ útskýrir hann hlæjandi og bendir á að lagasmíðarnar liggi betur fyrir honum. „Lögin koma bara eins og ekkert sé.“

Besti söngvarinn á Músíktilraunum 2008

Árið 2008 tók Dagur þátt í Músíktilraunum og fékk þann heiður að vera valinn besti söngvari keppinnar það árið. „Þetta var sama ár og Agent Fresco vann,“ bendir Dagur á og bætir við að hann sé yfir sig ánægður að hafa verið valinn besti söngvarinn



DAGUR AÐ BLÚSROKKA SIG UPP MEÐ GÍTAR Í HÖND





TAKTAR Á LA ROBERT PLANT

þegar samkeppnin var svo hörð. „Arnór söngvari í Agent Fresco er stórkostlegur svo ég er mjög stoltur að hafa verið valinn fram yfir hann,“ segir Dagur sem tók einnig þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna árið 2008, þá fyrir hönd Fjölbautaskólans við Ármúla. „Þá tók ég þátt með lagið We All Die Young og lenti í þriðja sæti,“ segir Dagur sem var á sínu öðru ári í FÁ á þessum tíma en skipti seinna yfir í Tækniskólann.

DAGUR Á 60 SEKÚNDUM

Besti söngvari í heimi? Robert Plant.
Uppáhaldshljómsveit? Led Zeppelin.
Uppáhaldslag? Since I've Been Loving You með Led Zeppelin.
Besta plata allra tíma? The Wall með Pink Floyd hafði mjög mikil áhrif á mig.
Versti söngvari í heimi? Billie Joe Armstrong í Green Day.
Versta lag sem þú hefur heyrt? Friday með Rebecca Black.



Félagslífið tók sinn toll

„Á sínum tíma ákvað ég að fara í FÁ til að komast á upplýsinga- og fjölmiðlabrautina þar en strax á fyrsta árinu mínu var hún lögð af,“ útskýrir Dagur sem ákvað þó að halda áfram í skólanum um sinn. „Ég hellti mér út í félagslífið og lét námið kannski sitja of mikið á hakanum eins og vill svo oft gerast,“ útskýrir Dagur sem var formaður Nemendafélags FÁ um tíma er hann gekk í skólann. „Á endanum langaði mig til að fara að sinna náminu almennilega og skipti þá yfir í Tækniskólann sem býður einmitt upp á upplýsinga- og fjölmiðlabraut,“ segir hann ánægður með námið í Tækniskólanum. „Námið er frábært og það eru allar gerðir af fólki í skólanum svo allir geta fundið sér einhver sem þeim líkar vel við,“ útskýrir hann og bætir við að hann kunnir virkilega vel við sig í nýja náminu. „Þetta er grunnnám sem er undirbúningur fyrir framhaldsnám sem nefnist grafísk miðlun og er mjög spennandi,“ segir Dagur sem lætur þó tónlistardrauminn ganga fyrir. „Mig langar að sjá hvert ég kemst í þeim geira.“



VAR LAGIÐ VITSKERT VERA TILEINKAÐ EINHVERJUM?

Leynileg hljómsveit í bígerð

Dagur er mögulega að byrja í nýrri hljómsveit á næstunni en vill lítið gefa upp um verkefnið að svo stöddu. „Ég er kannski að fara að byrja á hljómsveit en umræðurnar eru á viðkvæmu stigi,“ útskýrir hann leyndardómsfullur. „Ég get ekki sagt mikið meira um það í bili,“ segir Dagur en viðurkennir þó að tónlist hljómsveitarinnar verði líklega blúsrökkuð. „Ég er mjög blúsrökkaður gæi svo tónlistin yrði líklega í þeim stíl,“ útskýrir Dagur sem sannaði sig svo sannarlega sem blúsrökkaður söngvari í Söngkeppninni síðustu helgi. „Maður þarf nú samt að koma með eitthvað nýtt og ferskt inn í þetta svo það er aldrei að vita hvað gerist,“ segir hann raunsær.



HAVARÍ OPNAR BRÍARÍ

Tómstundahúsið Havarí mun opna skammtímaútibú í húsakynnum Hostel Kex á meðan hátíðinni stendur. Þar verður boðið upp á tónlist, myndlist, veggspjald vikunnar, ókeypis tónleika, ódýrar plötur og allskyns gúmmulaði. Þar mun einnig miðasala og afhending armbanda fyrir Reykjavík Music Mess fara fram.

Messuð helgi framundan

Tónlistarhátíðin **Reykjavík Music Mess** verður haldin í fyrsta skipti um helgina. **Monitor** kynnti sér hvað verður í boði fyrir gesti.



AGENT FRESCO VERÐA Í HÖRKUSTUÐI Á REYKJAVÍK MUSIC MESS

Mynd/Sigurgeir

DAGSKRÁIN

Föstudagur

| Tími | Norræna húsið | Sódoma |
|-------|----------------|-----------------|
| 20:15 | Prinspóló | |
| 21:00 | Samaris | |
| 21:45 | Nive Nielsen | |
| 22:00 | | Miri dj sett |
| 22:30 | Sóley | |
| 22:45 | | Nolo |
| 23:15 | Stafrænn Hákon | |
| 23:30 | | FOSSILS |
| 0:15 | | Swords Of Chaos |
| 1:00 | | Einar Örn + SWC |
| 1:45 | | Æla |
| 2:30 | | Miri dj sett |

Laugardagur

| Tími | Norræna húsið | NASA |
|-------|---------------|------------------------|
| 20:15 | AMFJ | |
| 20:30 | | FM Belfast dj sett |
| 21:00 | Hellvar | |
| 21:15 | | Miri |
| 21:45 | Tomutonttu | |
| 22:00 | | Borko |
| 22:30 | FOSSILS | |
| 22:45 | | Sin Fang |
| 23:15 | Orphic Oxta | |
| 23:30 | | Lower Dens |
| 0:15 | | kimono |
| 1:00 | | Reykjavík! + Lazyblood |
| 2:30 | | Quadruplos |

Sunnudagur

| Tími | Norræna húsið | NASA |
|-------|-----------------|-----------------------|
| 20:15 | Hljómsveitin Eg | |
| 20:30 | | Kippi Kaninus |
| 21:00 | Mugison | |
| 21:15 | | Sudden Weather Change |
| 21:45 | Lára Rúnars | |
| 22:00 | | Skakkamanage |
| 22:30 | Agent Fresco | |
| 22:45 | | Deerhunter |

Nive Nielsen

Hin grænlandska Nive Nielsen er vinsælasti tónlistarmaður Grænlands um þessar mundir. Hún var nýlega tilnefnd til tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs fyrir lagasmíðar og tónlistarflutning. Nive leikur aðallega á ukulele og segist elska kúrekastígvél.



Orphic Oxta

Balkansveitin sem hefur sigrað hug og hjörtu Íslendinga í vetur treður upp á Reykjavík Music Mess. Ekki er vitað hvernig hljómsveitin nær alltaf að troða sér á eitt svið en meðlimir eru alls tólf talsins. Þau lýsa tónlist sinni sem kaótískri og segja hana henta best í brúðkaup, jarðarfari, eftirpartí og drykkjufögnuði í skjóli nætur.



FOSSILS

Danski dúettinn FOSSILS gefur sig út fyrir að skapa tónlistarlega tjáningu sem sker inn að beini. Útkoman er hart, þungt og flókið rokk sem er einungis framkallað af bassa- og trommuleik. Virkilega áhugaverð hljómsveit hér á ferð fyrir pönkara eða þá sem fíla almennilegan metal.



Deerhunter

Spaðaásinn á Reykjavík Music Mess er indísveitin Deerhunter sem er ein sú alflottasta í dag. Tónlistin er frábær en allir ættu að skella sér á tónleika Deerhunter til að sjá söngvarann Bradford Cox syngja lögina af innlifun sem á sér varla hliðstæðu.

Tomutonttu

Samkvæmt heimildum Monitor er tomutonttu finnst orð yfir einhvers konar rykveru. Tónlistarmaðurinn Jan Anderzen skipar hljómsveitina Tomutonttu sem skapar hljóðheim úr röddum, dýrahljóðum, gömlum upptökum og ýmsu fleiru sem honum lystir.



Borko

Íslenski tónlistarmaðurinn Borko er líklega með fyndnustu sjálfslýsinguna á heimasíðu Reykjavík Music Mess. Þar segist hann vera meðhöfundur margra frægra laga á borð við Last Christmas, Knowing Me Knowing You og Suicide Is Painless sem er þemalagið úr kvikmyndinni Ghostbusters. Ekki er vitað hvort um sanna staðhæfingu sé að ræða en það er á hreinu að enginn má missa af tónleikum hins stórkostlega Borko sem segist einnig vera mikið fyrir að pynta hryðjuverkamenn.

Quadruplos

Hinn rafmagnaði íslenski furðudúett Quadruplos samanstendur af þeim Tomio Newmilk og Magnoose og fyrir helgina hafa þeir fengið frábæran liðsauka. Þau Marlon og Tanya Pollock eru svokallaðir MC's sem verður að teljast forvitnilegur titill en um leið einstaklega spennandi.



Sudden Weather Change

Strákarnir í Sudden sýna enga miskunn þegar þeir hækka vel í gíturunum og spara ekki feedback-ið á tónleikum. Sviðsframkomu þeirra hefur verið líkt við pólitískar uppreisnir 8. áratugarins og hið árlega nautahlaup í Pamplona á Spáni en ekki er vitað hvort þeir hafi komið þangað.



Lower Dens

Bandaríska hljómsveitin Lower Dens er einna frægust fyrir forsprakka sinn. Hér er á ferðinni gífurlega svöl new wave-popp-póst-pönk-sveit með söngkonuna Jana Hunter í fremstu víglínu. Gítar, bassi, trommur og frábær söngkona. Þarf eitthvað fleira?



STAKIR MIÐAR

Hægt verður að kaupa staka miða á viðburði Reykjavík Music Mess svo lengi sem húsrúm leyfir. Miðar verða seldir við hurð á hverjum stað fyrir sig og gildir miðinn fyrir viðkomandi stað. Miðaverð er 1.500 krónur nema á tónleikana á NASA á sunnudagskvöldinu en þar er miðinn á 3.990 krónur. Miðarnir á þá tónleika verða einnig fánlegir í Briari frá og með fimmtudeginum 14. apríl.

ÉG ER KLIKKAÐUR
Í COCOA PUFFS &
Rio

Cocoa Puffs

RIO BÍÓLEIÐUR COCOA PUFFS



Taktu þátt í laufléttum leik

Cocoa Puffs & Rio

Safnaðu tveimur strikamerkjum af Cocoa Puffs, skráðu þig
á cocoapuffs.is og þú færð í pott sem dregið verður úr í apríl.
Fjölmargir glæsilegir vinningar í boði.



400 RIO BÍÓMIÐAR

PLAYSTATION 3
LEIKJATÖLVA



10 PLAYSTATION 3 LEIKIR



FJÖLSKYLDU- OG
HÚSDÝRAGARÐURINN

10 ÁRSKORT Í HÚSDÝRAGARÐINN



Halle Berry

Catwoman (2005)

Versta leikkonan
Kvikmyndin Catwoman var tilnefnd í mörgum flokkum og Halle Berry ákvað að mæta og taka við verðlaununum á hátíðinni sjálfri. Hún stóð uppi á sviði með Óskars-verðlaunastyttuna sína sem hún fékk fyrir leik sinn í Monster's Ball í annarri hendi og Hindberjaverðlaunin í hinn og þakkaði fyrir sig. „Takk kærlega fyrir. Ég hélt ég myndi aldrei fá þessi verðlaun,“ sagði Berry í þakkaræðunni.



HALLE RASP-BERRY



Skammaverðlaun HOLLYWOOD

VERÐLAUNAFLOKKAR

- Versti leikarinn
- Versta leikkonan
- Versti aukaleikarinn
- Versta aukaleikkonan
- Versta kvikmyndaparið
- Versta handritið
- Versti leikstjórinn
- Versta kvikmyndin
- Versta endurgerðin eða framhaldið




COSBY FÓR GREINILEGA Á KOSTUM Í LEONARD PART 6

Bill Cosby

Leonard Part 6 (1988)

Versta myndin
Versti leikarinn
Versta handritið
Cosby var fyrstur allra til að taka við verðlaununum en svo varð að hans ósk. Grínleikarinn krafðist þess að fá gullstyttuna afhenta fyrst hann hefði nú einu sinni verið valinn versti leikarinn og fékk hann verðlaunagripinn afhentan í sjónvarpsútsendingu á Fox.



Hindberjaverðlaunin velja það versta sem kemur frá Hollywood á hverju ári.

Golden Raspberry eða Razzie-verðlaunin eru kvikmyndaverðlaun fyrir verstu kvikmyndir, leikara og leikstjóra á hverju ári. Þau voru stofnuð árið 1981 af útgefandanum John Wilson og eru haldin ár hvert daginn fyrir Óskarsverðlaunahátíðina. Verðlaunagripurinn er gullhúðað hindber á stærð við golfkúlu sem situr á kvikmyndaflimu og kostar hver gripur um 5 dollara í framleiðslu. Meðlimir Golden Raspberry-stofnunarinnar velja hverjir hljóta verðlaunin á hverju ári en hægt er að gerast meðlimur á heimasíðu hátíðarinnar. Verðlaunin hafa notið mikilla vinsælda sem hafa aukist með hverju árinu sem líður og í ár tóku 650 blaðamenn, aðdáendur og fagmenn úr kvikmyndafransum þátt í að velja sigurvegarana.

THE OFFICIAL RAZZIE MOVIE GUIDE

Árið 2005 gáfu Razzie-verðlaunin út handbók fyrir áhugamenn um lélegar kvikmyndir þar sem má finna þær 100 kvikmyndir sem John Wilson, stofnandi verðlaunanna, þykir hvað verstar.



Flestir Hindberjaverðlaunahafarnir taka ekki á móti verðlaununum sem eru skammaverðlaun. Í gegnum tíðina hafa þó nokkrir tekið við þeim og nokkrir hafa meira að segja séð sér fært að mæta á hátíðina sjálfa.



Sandra Bullock

All About Steve (2010)

Versta leikkonan
Versta kvikmyndaparið
Eftir að Bullock frétti af tilnefningunni gaf hún út yfirlýsingu um að hún myndi mæta á hátíðina til að taka við verðlaunagripnum um skyldi hún sigra. „Ef ég hefði vitað að maður þyrfti bara að tilkynna komu sína til að sigra hefði ég alltaf gert það á Óskarnum,“ sagði Bullock í gríni er hún tók við verðlaununum. Kvöldið eftir fékk hún Óskarsverðlaun sem besta leikkona í aðalhlutverki fyrir leik sinn í kvikmyndinni The Blind Side.




RAZZIE Í DAG, ÓSKAR Á MORGUN

Ben Affleck

Gigli, Daredevil og Paycheck (2004)

Versti leikarinn
Affleck var valinn versti leikarinn fyrir frammistöðu sína í þremur kvikmyndum á sama árinu. Hann mætti ekki á afhendinguna sjálfa en kvartaði seinna í útvarpsþætti yfir að hafa ekki fengið verðlaunagripinn. Razzie-stjórnin tók þá til sinna ráða og afhenti gripinn í sjónvarpsþætti Larry King þar sem Affleck gagnrýndi verðlaunin og fannst lítið til þeirra koma.



AFLEITUR AFFLECK



Tom Green

Freddie Got Fingered (2000)

Versti leikarinn
Versti leikstjórinn
Versta kvikmyndin
Versta kvikmyndaparið
Versta handritið
Dónahúmorinn í kvikmynd Tom Green hitti aldeilis ekki í mark hjá gagnrýndum og fékk alls átta tilnefningar til Razzie-verðlaunanna árið 2000. Green mætti í eigin persónu á hátíðina og tók með sér rauðan dregil sem hann rúllaði á undan sér inn á verðlaunahátíðina. Draga þyrfti leikarann af sviðinu er hann flutti eina þakkaræðuna þar sem hann vildi ekki hætta að spila á munnhórpuna sína.



FRAMMISTADA TOM VAR ALGJÖRT GREEN



www.opticalstudio.is



RAY-BAN / RB 4101 / Jackie O

Ray-Ban[®] ...ný sending

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

UMBOD FYRIR RAY-BAN Á ÍSLANDI: MIÐBAUGUR EHF.

6,5: Ævisaga meðalmanns

„Þetta er einkunnin sem ég fékk alltaf í skóla og ég er meðalmaður að eðlisfari,“ segir **Haldór Gylfason**, hógværaasti leikari Íslands, um nafnið á enn óútgefinni ævisögu sinni.

Texti: Sigyn Jónsdóttir
Myndir: Sigurgeir Sigurðsson

sigyn@monitor.is
sigurgeir@mbl.is

„Af hverju í ósköpunum viljið þið hafa mig á forsiðunni?“ sagði Haldór Gylfason hissa þegar Monitor hafði samband við hann fyrr í vikunni. Haldór er líklega hógværaasti leikari landsins þrátt fyrir mikla velgengni bæði á því sviði og í tónlistinni. Hann hefur skapað bráðfyndnar persónur á borð við Kidda Casio í Vaktaseríunum, fjölda karaktera í Sigtinu og ævin-tyri Haldórs í Stundinni okkar fyrir nokkrum árum eru ógleymanleg. Um þessar mundir er hann að leika í ruslóperunni Strýhærða Pétri í Borgarleikhúsinu þar sem hann hefur verið fastráðinn í mörg ár. „Sá íslenski leikari sem hefur náð mestum vinsældum og útbreiðslu um allan heim er Magnús Scheving,“ segir Haldór sem vill meina að velgengnin ráðist af vaxtarlaginu. „Ég held að lykillinginn að velgengni sé að vera nógu helvíti kottaður,“ útskýrir hann og bendir á fræga einstaklinga á borð við Gillzenegger sem dæmi. Haldór var sjálfur mikill íþróttamaður á yngri árum og æfði bæði handbolta og fótbolta með Þrótti í Reykjavík. Hann er sagður brjálæðislega tapsár sem hlýtur að vera erfitt fyrir Köttara.

Hvernig er að vera tapsár og halda með Þrótti?

Það lærist ekki að horfa á Þrótt tapa þó ótrúlegt sé. Þetta er mjög erfitt því þeir hafa fallið svo oft en það hefur gert mig að þeim manni sem ég er í dag. Ég er sterkari fyrir vikið og geng ekki að neinu sem gefnu. Þegar ég horfi á liðin mín spila er ég mjög spenntur, stressaður og tek vissulega tap nærri mér. Ég á bara tvö lið, Þrótt í fótbolta og Ísland í handbolta.

Heldur þú ekki með Íslandi í fótbolta?

Ég fór alltaf á landsliðsleiki þegar ég var yngri en á einhverjum leiðinlegum tapleik gerðist eitthvað inni í mér. Ég hugsaði með mér að svona væri þetta einhvern veginn alltaf og þessar umræður og væntingar væri orðnar svo þreyttar. Ég segi kannski ekki að ég sé á móti íslenska karlalandsliðinu í fótbolta en ég skipti mér voðalega lítið af því. Mér finnst mjög myndi þegar allir byrja að pæla í hvort Eiður Smári verði með eða ekki og hvort við munum loksins sigra eitthvað stórt lið. Umræðan um Eið Smára er sérstaklega sköndin.

Líður þér illa í hjartanu þegar þú þarft að vinna þegar Þróttur er að keppa?

Kannski ekki í hjartanu en ég verð oft spældur yfir að komast ekki á völinn vegna vinnu. Ég læt samt Þróttaraleiki ekki hafa áhrif á mínar ferðaáætlanir og lífið alveg lífínu.

Sagan segir að þú hafir einu sinni étíð badmintonkúlu eftir tap gegn óléttu konu í badmintoni. Er eitthvað til í því?

Ég beit alveg í þessa badmintonkúlu og japlaði aðeins á henni en ákveðin hlutir í sögunni eru ýktir. Ég vil samt ekki leiðrétta þá því þeir gera söguna skemmtilegri. Ég er mikill keppnismaður en þetta hefur elst aðeins af mér. Ég átti þetta líka oft til þegar við bræðurnir vorum að tefla. Þá tapaði ég eiginlega alltaf og henti skákmönnum út um allt. Yfirleitt þurfti þessi að tefla við mig eftir vinnu og leyfa mér að sigra til að róa mig niður.

Er rétt að þú berir mikinn kala til skákmannsins Gary Kasparov?

Þegar ég var svona ellefu ára gamall var Campo Manes kosinn forseti Alþjóðaskáksambandsins FIDE. Við það breyttist sýn mín á lífið því þá fattaði ég að heimurinn er ekki eins og hann er birtur í fjölmið-

um. Íslendingurinn Friðrik Ólafsson hafði verið forseti FIDE og farsæll sem slíkur en þarna kemur bara ríki kallinn og bolar honum burt. Menn vildu meina að Kasparov hafi verið gæludýr Campo Manes en ég hef fyrirgefið honum í seinni tíð.

Hvernig týpa varst þú í menntaskóla?

Ég lék mikið á menntaskólaárunum í leikritum og á árs hátíðum í MS. Á þessum tíma byrjaði ég líka að semja lög og það spurdist út svo ég fór að trúbaðarast aðeins með eigin lög. Það gekk ágætlega og ég kom fram á nokkrum skemmtunum í MS. Svo var ég einu sinni fenginn af frænda mínum úr MH til að spila á einhverri busavíglu þar. Ég hafði samið tvö eða þrjú einlæg og fyndin lög og átti að fá vodkafloksu að launum. Þegar ég mætti á svæðið nenni náttúrulega enginn að hlusta á einhvern gaur úr öðrum skóla spila og syngja svo ég var eiginlega púður niður í fyrsta skipti sem ég skemmti fyrir utan MS. Óli frændi skuldar mér líka enn vodkafloksuna.

Hvenær ákvaðst þú að leggja leiklistina fyrir þig?

Ég hafði mikið verið að skemmta og sprella í grunn-skóla og á síðasta árinu mínu í gaggó fór ég að hafa meiri áhuga á leiklist. Baltasar Kormákur er vinur bróður míns svo öll fjölskyldan fylgdist spennu með þegar hann var að reyna að komast inn í Leiklistarskólann sem ég hafði aldrei heyrt um áður. Á sama tíma var ég að byrja í menntaskóla og hugsaði með mér að ég vildi fara út í leiklist eftir útskrift.

Komst þú inn í Leiklistarskólann í fyrstu tilraun?

Nei, ég komst inn í annarri tilraun. Reyndar komst ég ekki strax inn í annarri tilraun en einn hætti við svo ég var tekinn inn í staðinn. Eftir að ég fékk höfnunina hugsaði ég mikið um hvað ég ætti að gera. Mig langaði í leiklistina og spáði í að fara til útlanda að læra leiklist en ég er lélegur í ensku og það er dýrt svo ég vildi það ekki. Einn daginn sá ég auglýst starf í tollgæslunni og leist mjög vel á það. Ég hugsaði með mér að það væri fínt að gramsa í töskum hjá fólki allan daginn og fríðindin væru líklega að geta stungið undan einu og einu skinkubréfi. Ég var kominn með umsóknareyðublaðið í hendurnar en svo komst ég inn í Leiklistarskólann. Annars gæti vel verið að ég hefði endað sem tollvörður.

Ég held að lykillinginn að velgengni sé að vera nógu helvíti kottaður. Sjáðu bara Vladímír Pútín, hann er kottaður. Gillzenegger, hann er kottaður. Barack Obama, hann er kottaður.

Hvað tók við eftir útskrift?

Ég byrjaði á að taka að mér eitt verkefni hjá Leikfélagi Akureyrar sem var sýningin Hart í bak. Næst lék ég í barnasýningunni Síðasti bærinn í Dalnum hjá Hafnarfjarðarleikhúsinu sem var frábærlega gaman. Upp úr því fór ég að vinna í Borgarleikhúsinu og hef verið þar meira eða minna allar götur síðan.

Þú munaðir eftirminnlega í Grease árið 1998. Var það stóra breikið? Það gæti bara vel verið því þarna sýndi ég að ég er djarfur leikari með því að sýna á mér rassgatið í Grease.

HRADASPURNINGAR

- Besta lið í heimi?** Þróttur.
- Mesti ótti?** Gula hættan.
- Uppáhaldsleiðtogi?** Angela Merkel.
- Uppáhaldslandslíð?** Þýskaland.
- Uppáhaldsleikari?** Michael Caine.
- Uppáhaldshljómsveit?** The Smiths.
- Fallegasti staður á Íslandi?** Hellissandur á Snæfellsnesi.
- Helsti kostur?** Þægilegur í umgengni.
- Uppáhaldsmatur?** Saltkjöt og baunir.



Heimildarmaður Monitor segir þig hafa lítið út eins og múmínálf fyrir tíu árum en núna sértu kominn með kraftadellu. Hvað gerðist?

Sá íslenski leikari sem hefur náð mestum vinsældum og útbreiðslu um allan heim er Magnús Scheving. Það er vegna þess að hann er kottaður og ég held að lykillinginn að velgengni sé að vera nógu helvíti kottaður. Sjáðu bara Vladímír Pútín, hann er kottaður. Gillzenegger, hann er kottaður. Barack Obama, hann er kottaður.

Hver er fyrirmyndin að Kidda Casio í Vaktaseríunum?

Kiddi Casio er að minnsta kosti ennþá fullur eftir helgina af því hann var að fagna úrslitunum úr Icesave-kosningunum. Hann er bara svoleiðis maður. Í rauninni er engin ein fyrirmynd Kidda Casio en ég held að Gillzenegger hafi byrjað að herma eftir honum eftir Næturvaktina. Það eru viss líkindi með þeim en ég hafði ekki hugmynd um hver Gillzenegger var á þessum tíma. Kiddi Casio er eilífðarpoppari sem dremmir um að slá í gegn, duglegur en smekklaus og er með kjaftinn fyrir neðan munninn. Það þýðir engan moðrek við Kidda Casio.

Hver er uppáhaldskarakerinn þinn í Sigtinu?

Það er náttúrulega Frímánn Gunnarsson. Hann er einn skemmtilegasti maður sem hefur fæðst á þessu landi. Sigtíð er með því ánægjulegra sem ég hef gert sem leikari. Þetta er húmor sem við vinirnir náðum að sammælast um að gera á ákveðin hátt og duttum inn á einhverja línu sem er aðeins öðruvísi en aðrar. Mér þykir rosalega vænt um þessa þætti og við eigum pottþétt eftir að gera eitthvað meira saman í framtíðinni. Þegar maður skoðar Sigtíð í ákveðnu ljósi er það spegill og Frímánn Gunnarsson er Íslendingar holdi klæddir.

Er mikið um gigz þessa dagana hjá þér?

Já, þú meinar það. Það detta inn gigz hjá kallinum af og til. Ég tek stundum gigz þegar ég má vera að.

Hvers konar sýning er Strýhærði Pétur?

Meinmyndin ruslópera. Þetta eru gamlar þýskar heilræðavísur sem þýskur geðlæknir samdi fyrir börnin sín á 19. öld. Vísurnar eru gerðar sem viðvörðun fyrir börn svo þau séu ekki að sjúga á sér þumalinn og hegði sér vel við matarborðið. Þær fjalla til dæmis um eitt barn sem er á svo miklu iði við matarborðið að borðið ásamt öllum borðbúnaði dettur á hann og hann deyr. Um þetta er sungið á kaldhæðnislegan hátt og gegnumgangandi er sagan um Strýhærða Pétur, barn sem foreldrar vilja ólmir losna við.



viðtalið

/// Ég ætla að opna bjúgustað sem á að heita Dórabjúga.

Þetta er eins og Subway nema í stað þess að velja þér fínt, gróft eða parmesan brauð velur þú þér hrossa-, kinda- eða svínabjúga.



Hvernig varst þú sem krakki?

Ég myndi segja að ég hafi verið íþróttalega sinnað barn og æfði bæði fótbolta og handbolta með Þrótti. Frá svona tíu eða ellefu ára aldri langaði mig að einbeita mér mest að íþróttunum og var mikið inni í öllu sem þeim tengdist. Ég hugsaði með mér að fyrst ég hefði svona gaman af íþróttum gæti ég kannski orðið leikfímikennari eins og elsti bróðir minn.

Er það rétt að þú hafir sofað í sama herbergi og foreldrar þínir til 11 ára aldurs?

Ég fékk ekki sérherbergi fyrr en þá og svaf inni hjá mömmu og pabba. Ég var mjög mikill pabbastrákur og við höldumst oft í hendur milli rúmanna áður en við fórum að sofa. Svo hætti hann að nenna því og þá vorum við með trefil á milli okkar og höldum í sitthvorn endann á honum. Þegar eldri bróðir minn flutti að heiman losnaði herbergi fyrir mig í íbúðinni og þá hnýttum við pabbi saman alla trefla heimilisins og höfðum á milli herbergja svo ég gæti áfram haldið í hendina á honum fyrir svefninn.

Vinir þínir segja þig vera svokallaðan öryggisfíkill. Hvernig lýsir það sér?

Ég er kannski þínu öryggisfíkill og vil helst búa í botnlangagötu og svoleiðis. Mér finnst status quo oft vera gott ástand. Það er tískufyrirbrigði að kyrrstaða sé einhvers konar dauði. Kannski ertu bara búinn að koma þér fyrir einhvers staðar, ert góður í því sem þú ert að gera og vilt vera öruggur þar áfram. Það hafa ekki allir þörf fyrir að fara alltaf lengra, bæta sig og slá í gegn.

Þú ert einnig sagður harður andstæðingur stórframkvæmda. Hvað finnst þér um Kringluna, Smáralind, Perluna, Hörpu og Hvalfjörðargöngin?

Ég hef aldrei farið á þessa staði og ætla mér ekki á neinn þeirra í nánustu framtíð. Smáralind er gott dæmi um hversu hugmyndasauðir Íslendingar geta verið. Við vorum með svaka stóra og fína Kringlu en ákváðum að byggja aðra eins verslunarmiðstöð. Ég skil þetta ekki. Ég keyri frekar Hvalfjörðinn en að fara í göngin og er á móti Hörpunni. Fólk heldur alltaf að aðstæðurnar skipti öllu máli og tónlist á Íslandi verði betri með einhverju risastóru húsi en það mun ekki gerast. Til dæmis skrifaði Laxness ekkert af viti eftir að hann flutti á Gljúfrastein, Mogginn er ekkert betra blað þó hann hafi flutt í risahöll og Þróttur er með bestu íþróttaaðstöðu landsins.

Hvað er framundan hjá þér?

Ég er að undirbúa næsta leikar um þessar mundir og verð til dæmis í Galdrakarlínum í Oz. Í sumar er ég að fara að leika í sjónvarpsþáttaseríunni Heimsendi sem er leikstýrt af Ragnari Bragasyni og skrifað af genginu sem gerði Vaktaseríurnar. Ég er með tiltölulega stóra rullu í þessari seríu og þetta verður frábært verkefni.

Kæmi til greina að starfa við eitthvað annað en leiklist?

Ég gæti hugsað mér að starfa við ýmislegt eins og til dæmis tónlist eða ritstörf. Svo er ég búinn að vera með eina viðskiptahugmynd í bígerð mjög lengi sem mun slá í gegn. Ég ætla að opna bjúgustað sem á að heita Dórabjúga. Þetta er eins og Subway nema í stað þess að velja þér fínt, gróft eða parmesan brauð velur þú þér hrossa-, kinda- eða svínabjúga. Svo er það skorið eins og Subway-bátarnir voru skornir einu sinni þannig að það er skorið ofan í það og biti tekinn upp úr bjúganu. Þú færð þér kannski stórt tólf tommu bjúga og svo er sett ofan í það meðlæti eins og grænar baunir, uppstúfur, kartöflumús, kartöflusalat, steiktur laukur að eigin vali. Ég geri mér grein fyrir að þessi staður mun ekki njóta vinsælda í Kringlunni eða Smáralind svo ég ætla að opna hann annaðhvort í Dugguvogi eða uppi á Höfða.

Hvað myndi ævisagan þín heita?

6,5: Ævisaga meðalmanns. Það er ein-kunnin sem ég fékk í öllum prófum og ég er meðalmaður að eðlisfari.

ÍSLENSKA
HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN
2010



STÓRI BÓ

HANNAÐUR AF BÓ FYRIR HAMBORGARAFABRIKKUNA

Stóri Bó er 120 grömm af hágæðaungnautakjöti með bræddum Hávarti kryddosti, stökku beikoni, brakandi fersku grænmeti og glænýrri Hunangssósu Fabrikkunnar.

Borinn fram með frönskum kartöflum.

„Dað er ekki gó fyrr en Bó segir gó“
Björgvin Halldórsson

BORDAPANTANIR

Í síma 575 7575
og á fabrikkann@fabrikkann.is

TAKE AWAY

- Hringdu í síma 575 7575, pantaðu matinn og sæktu þegar þér hentar
- Mættu á staðinn, pantaðu mat og taktu með
- Hámarksbiðtími 15 mín.

FLJÓTLEGT Í HÁDEGINU

Meðalbiðtími eftir mat á
Fabrikkunni er aðeins 8 mínútur
frá því að pöntun er tekin.



HARÐIR OG HÁRPRÚÐIR ERNIR

EAGLES

„Eftir tvö lög lem ég þig í klessu“

Hljómsveitin Eagles er goðsagnakennd innan rokkbransans en þeir eiga meðal annars mest seldu plötu Bandaríkjanna, *Their Greatest Hits (1971-1975)* sem seldist í ríflega 29 milljónum eintaka. Tónlist Arnanna þykir afar ljúf á að hlusta en sá ljúfleiki endurspeglar alls ekki samskipti meðlima hljómsveitarinnar. Sagan segir að á þeirra mesta rokkstjörnuskeiði, sem einkenndist af dópi og drykkju, hafi tveir af fimm meðlimum, þeir Don Henley og Glenn Frey, tekið sér stöðu foringja hljómsveitarinnar í einu og öllu og fengu að launum viðurnefnið „Guðirnir“.

Samskipti hljómsveitarmeðlima voru upp frá því afar stíð og var gerð plötunnar *Hotel California* sjö mánaða tímabil leiðinda sem tók heila eilífð í augum Eagles-manna. Þeir stóðu sem rokkeining uppi á sviði á tónleikum en um leið og tónleikum var lokið héldu þeir sundraðir sína leið hver. Samstarfið náði suðupunkti á tónleikum á Long Beach í Kaliforníu en kvöldið hefur síðan verið þekkt sem „Long Night at Wrong Beach“. Bandið var að spila á tónleikum sem stjórnmálahreying stóð fyrir, gegn vilja sumra í hljómsveitinni. Rétt fyrir tónleikana hafði verið mikill þirringur milli þeirra Glenn Frey og Don Felder. Þirringurinn stigmagnaðist svo að uppi á sviði, á miðjum tónleikum, stóðu þeir í hótunum hvor við annan þar sem þeir hótuðu hvor öðrum barsmíðum beint eftir tónleikana. Að tónleikunum loknum ruku allir hver í sína átt en Frey og Felder rifust heiftarlega baksviðs og vissu menn strax að endalok Arnanna væru runnin upp.

Hljómsveitin sneri aftur 1994 og hefur komið fram af og til síðan þá en þeir halda tónleika á Íslandi þann 9. júní næstkomandi. Ef til vill má fylgja sögunni að Don Felder telst ekki meðlimur Eagles lengur.

BLÓÐUG BANDASLIT

Að halda lífi í góðri hljómsveit er bálvað basl. **Monitor** gerði úttekt á nokkrum hljómsveitum sem sundruðust með misfallegum hætti.

Bræður ~~munu~~ berjast

Flestir þekkja og kunna jafnvel lagið *Wonderwall* sem Oasis gerðu heimsfrægt fyrir rúmum fimmtán árum. Höfuðpaugar hljómsveitarinnar eru þeir Gallagher-bræður, Liam og Noel. Sagan segir að þeir hafi deilt saman herbergi sem guttar og að eldri bróðirinn, Noel, hafi dundað sér við að ögra og stríða litla bróður sínum í gríð og erg. Þótt sorglegt sé virðast bræðurnir enn ekki hafa þroskast upp úr æskuslagsmálum og hafa slíkar fréttir prýtt forsíður helstu fjölmiðla Bretlands síðasta áratuginn. Hljómsveitin hefur oft þurft að aflýsa heilu og hálfu tónleikaröðunum vegna erja bræðranna. Líf hljómsveitarinnar hefur því oft verið í hættu en segja má að hún hafi látið lífið í ágúst 2009 þegar bræðurnir rifust heiftarlega baksviðs á tónleikum í París með þeim endalokum að Noel mólbraut gítar Liams. Tónleikunum var aflýst, með nokkurra mínútna fyrirvara, og sama kvöld birti Noel eftirfarandi yfirlýsingu á vefsíðu Oasis:

„Það er með nokkurri sorg og miklum létti að ég tilkynni ykkur að ég hætti í Oasis í kvöld. Fólk má skrifa og segja það sem það vill, en ég gat einfaldlega ekki starfað með Liam deginum lengra.“
Enn þann daginn í dag segja bræðurnir fjölmiðlum að þeir talist ekki við.



OASIS

GELGJUSKEIÐ GALLAGHER-BRÆÐRA VIRÐIST VARA LENGUR EN FLESTRA



GRAFALVARLEGIR EINS OG LÖGGUM SÆMIR

Hvað eru nokkrir magnarar milli vina?

Rokktríðið *The Police* skaut fram á sjónarsviðið undir lok áttunda áratugarins. Lög eins og *Roxanne*, *Every Breath You Take* og *Message in a Bottle* eru á meðal ómetanlegra framlaga þeirra til tónlistarsögunnar. Það verður hins vegar að teljast athyglisvert hve miklu þeir afköstuðu í ljósi þess að í þriggja manna hljómsveit ríkti gífurleg andstyggð og rígr milli söngvarans og bassaleikarans, Sting, og trommarans, Stewart Copeland, sem var upphaflegur stofnandi bandsins. Sting þótti trommuleikur Copeland of hávaðasamur og Copeland þótti Sting of mikil stjarna – enda farinn að þreifa fyrir sér í kvikmyndabransanum. Sagan segir að á tónleikum hafi verið nauðsynlegt að stilla upp mónitorum og mögnurum á milli „félaganna“ tveggja svo þeir þyrftu sem minnst að þæla hvor í öðrum. Leiðindin milli Sting og Copeland keyrðu hljómsveitina í kaf árið 1986 en rúmum 20 árum seinna grófu þeir stríðsöxina fyrir „comeback“-tónleika árið 2007. Í ævisögu Copeland sem kom út árið 2009 greindi hann reyndar frá því að ófá rífildin hefðu átt sér stað eftir endurfundina. Tíminn læknar greinilega ekki öll sár.

THE POLICE


Fráhvarf Halliwell tók sinn toll

Kryddþiurnar réðu lögum og lofum í poppsenunni á 10. áratug síðustu aldar. Þegar hljómsveitin virtist enn á uppleið ákvað Geri Halliwell, höfuðþía flokksins í augum margra, skyndilega að segja sig úr hljómsveitinni. Að eigin sögn var hún orðin of ólík hinum hljómsveitarmeðlimunum. Einnig sagðist hún uppgefin og þurfa á hvíld að halda en birtist þó aftur skömmu síðar með sólóferil á blússandi siglingu. Fráhvarf Halliwell olli miklu fjaðrafoki og skemmdi meðal annars ýmis markaðsleg áform hljómsveitarinnar. Skemmst er frá því að segja að þótt þær fjórar Kryddþiurnar sem eftir stóðu væru staðráðnar í að halda áfram fataðist þeim nokkuð flugið og náðu í raun aldrei fyrri vinsældum. Ein plata var gefin út áður en þær sneru sér allar að sólóverkefnum 2001. Spice Girls voru liðin tíð – allavega í bili.

SPICE GIRLS



KRYDDÞIURNAR MEÐ HNATTLÍKAN RÉTT AÐUR EN ÞÆR MISSTU ÞAÐ



FALSKIR FÉLAGAR

Axl-veldið

Guns N' Roses var án efa ein stærsta þungarokkhljómsveit heims á 9. og 10. áratugnum. Söngvari hljómsveitarinnar, Axl Rose, hefur verið útnefndur besti roksöngvari sögunnar af ýmsum miðlum auk þess sem gítarstefið í laginu *Sweet Child o' Mine* hefur verið verðlaunað af virtum tónlistartímaritum. Þótt hljómsveitin starfi enn í dag á hún sinn sess í þessari umfjöllun af skýrum ástæðum.

GUNS N' ROSES

Hljómsveitin átti sitt gullaldarskeið frá 1987, með útgáfu *Appetite for Destruction*, þar til allir hljómsveitarmeðlimirnir að undanskildum Axl Rose fóru að helta úr lestinni um og upp úr 1996. Í kringum Rose hefur svo sannarlega aldrei verið lognmolla. Árið 1994 valdi hann nýjan rytma-gítarleikara fyrir sveitina, Paul Haze. Slash hafði mikla óbeit á Haze og þótti hann ekki henta sveitinni en Rose átti lokaorðið – eins og í flestum málefnum bandsins. Nokkru áður hafði Rose troðið inn lögum á plötu sem sveitin gaf út þvert gegn vilja annarra meðlima. Smám saman fengu menn sig fullsadda og koll af kalli yfirgáfu mátarstólpar bandsins sveitina, fyrstur þeirra var Slash árið 1996.

Axl Rose hefur upp frá því rembst áfram með hljómsveitina með hinum ýmsu hljóðfæraleikurum í hverri stöðu. Hinir gömlu meðlimir GNR stofnuðu saman hljómsveitina *Velvet Revolver* með Scott Weiland sem söngvara. Ásamt því að standa í málaferlum við sína gömlu félagu vegna hinna ýmsu ágreininga hefur Axl Rose opinberlega látið ýmis ósmekklegr ummæli flakka í garð Slash. Árið 2009 líkti hann Slash við krabbamein í viðtali við *NME* og lét fylgja: „Best er að fjarlægja hann og forðast – því minna sem fólk heyrir af honum og hans fylgimönnum, því betra.“ Hann nefndi jafnframt að annar þeirra myndi deyja áður en þeir myndu nokkurn tímann stíga aftur á stökk saman. Lífið í rokkinu er sem sé ekki alltaf dans á rósum.



ADRAR HLJÓMSVEITIR MEÐ ATHYGLISVERÐA SKILNAÐARSÖGU:
ABBA - Cream - Pink Floyd - Trúbrot

Flókið skilnaðarferli fjórmenninganna

Sennilega hefur engin hljómsveit haft jafnmikil áhrif á vestræna dægurmenningu og Bítlarnir. Þá þarf einfaldlega ekki að kynna til sögunnar. Um endalok þessara fjórmenninga frá Liverpool sem gjörsgruðu heiminn hefur margt verið ritað og ýmsum kenningum verið fleygt fram. Að sama skapi er þó málefnið sveipað dulúð og jafnvel deiluefni í augum hinna hörðustu Bítla.

Árið 1967 lést Brian Epstein, umboðsmaður Bítlanna. Epstein hafði verið lykilmáður í að halda hópnum þéttum og einnig fór hann fyrir öllum fjármálum Bítlanna. Í kjölfar andláts hans voru því fjármálin á rúi og stúi fram til loka. Einnig kom til deilna innan bandsins um hver ætti að taka við umboðsmennskunni. Um svipað leyti var George Harrison að gerast ágangari varðandi að fá að gefa út sínar lagasmíðar á plötum Bítlanna. Harrison þótti tækifæri hans til að koma sínu efni á framfæri af skornum skammti og jókst því pirringur hans hvað það varðar. Alþekkt er að tilkoma Yoko Ono inn í líf John Lennon sé talin hafa haft stór áhrif á örlög Bítlanna. Lennon og Ono voru algerar samlokur sem varð til þess að Lennon virti að vettugi viðmið sem Bítlarnir höfðu haldið uppi um að kærustum eða eiginkonum væri ekki heimilt að mæta í upptökur. Allt þetta hjó skörð í samstarfsvilja John, Paul, George og Ringo. McCartney hefur sagt að í raun hafi Bítlarnir liðið undir lok snemma árs 1969 þótt síðasta platan þeirra, *Let It Be*, hafi komið út sumarið 1970. Um það leyti voru þeir allir komnir á kaf í vinnslu á sólóferlum. Árið 1971 kærði McCartney hljómsveitarfélag sína fyrir brot á samningi sem Bítlarnir höfðu gert með sér og stóðu þær deilur yfir til 1975 – en það ár má segja að flosnað hafi formlega upp úr samstarfi hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar sem Bítlarnir voru.

BÍTLARNIR



JOHN OG PAUL Í FORGRUNNI AÐ VANDA

- Frábært páskatilboð -

Fyrir þá sem elska ilmkerfi

Kauptu eitt og fáðu annað með

50% afslætti *

Tilboðið gildir á öllum Yankee Candle ilmvörum



NÝTT Í DORMA
AROMATHERAPY SPA
ESSENTIAL OILS FOR EVERYDAY LIVING

SPA línan, nýjung frá Yankee Candle sem hefur slegið í gegn!



YANKEE CANDLE®
a passion for fragrance®

YFIR 40
ILMTEGUNDIR

OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17
Sun frá kl. 13-17



DORMA

– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

* Afsláttur gildir af vöru á sama verði eða ódýrari.



SVALA LIND ÞORVALDSDÓTTIR
21 ÁRS
SÖLUKONA Í ROKK OG RÓSUM
KJÓLL ROKK OG RÓSIR
BELTI ROKK OG RÓSIR
SKÓR KAUPFÉLAGIÐ



KOLBRÚN LILJA MARROW
21 ÁRS
SÖLUKONA Í EVU
BOLUR EVA
BUXUR EVA
SKÓR EVA



ÁSKELL HARÐARSON
21 ÁRS
VERSLUNARSTJÓRI SPÚÚTNIK
SKYRTA SPÚÚTNIK
BOLUR URBAN
BUXUR KRON KRON
SKÓR SPÚÚTNIK
HATTUR SPÚÚTNIK



HILDUR RAGNARSDÓTTIR
21 ÁRS
SÖLUKONA Í KALDA
SKÓR MINNETONKA
KJÓLL KALDA
BUXUR ZARA
ÚR FOSSIL

Götutískan í Reykjavík

Stíllinn tók göngutúr á Laugaveginum einn daginn í undarlegu veðri en hitti áhugavert fólk á leiðinni og spjallaði við það.

Myndir/Sigurgeir



GEIRÞRÚÐUR EINARSDÓTTIR
21 ÁRS
SÖLUKONA Í GYLLTA KETTINUM
BOLUR GYLLTI KÖTTURINN
BUXUR H&M
SKÓR GYLLTI KÖTTURINN
HÁLSMEN GYLLTI KÖTTURINN



BÚI STEINN KÁRASÓN
22 ÁRA
HAGFRÆÐI- OG TÓNLISTARNEMI
JAKKI ANDERSEN & LAUTH
BUXUR KRON KRON
SKÓR TIMBERLAND
SKYRTA GK



ANDRI LINDAL JÓHANNESSON
22 ÁRA
FJÁRFESTIR
TREFILL PAUL SMITH
JAKKI SÉRNIÐINN
BUXUR CHEAP MONDAY
SKÓR - HUGO BOSS
SKYRTA - RALPH LAUREN



JÖKULL TORFASON
19 ÁRA
STJÓRN MÁLFRÆÐINEMI
JAKKI - JACK&JONES
TREFILL - KULTUR MENN
BUXUR - TIGER OF SWEDEN
SKÓR - KULTUR MENN



Stjörnustríð

Fimleikahnátan **Shawn Johnson** og sæta rauðhærða leikkonan **Isla Fisher** klæðast hérna sama Elizabeth & James kjólnum. Það verður að segjast að kjóllinn fer líkamsbyggingu Fisher mun betur en Johnson, þó þær séu nú báðar mjög dúllulegar í þessum blómakjól. Skórnir hennar Fisher fara líka betur með kjólnum frekar en skórnir hennar Johnson.


Hótelertinginn **Nicky Hilton** ásamt leik- og söngkonunni **Ashley Tisdale** klæðist mjög sætum „tube“ blómakjól. Þó að Nicky standi og stari út í loftið frekar glóruleus er heildarlúkk hennar betra en hennar Ashley, þar með taldir skór og allt saman. Nicky Hilton ber því sigur úr bytum í þetta skipti í Stjörnustríði.

Fyrrum kryddpían **Victoria Beckham** valdi sér svipaðan kjól og söngfuglinn **Christina Milian**. Þó að Victoria sé af hvítum kynþætti jaðrar hún við að vera með dekkri hörundslit en blendinginn Christina. Einnig má sjá að hún er nánast að hrynja í sundur af næringarskorti og brjóst-in eru eins og hnoðuð á hana, greyið. Christina vinnur hér enda er hún „bootylicious“.

Salma Hayek er án efa ein af fallestu leikkonum Hollywood. **Amanda Seyfried** á því miður ekki roð í hana og því verður að segjast strax að hún tapi hressilega fyrir fróken Hayek. Hayek er eins og gyðja í kjól eftir Stelli McCartney og ber sig ávallt vel þrátt fyrir að vera einn og táfýla á hæð og með töluvert stærri brjóst svona miðað við smæð sína. Salma er glæsileg.

2005

Mary-Kate og Ashley eru duglegar að þræða tískusýningarnar. Hér eru þær á Marc Jacobs



Tvíburasystur eru tískumógúlar

Tvíburarnir **Mary-Kate** og **Ashley** eru heimsfrægar fyrir að vera með puttann á púlsinum. Stíllinn þeirra hefur vakið athygli og þá sérstaklega stíll **Mary-Kate**, sem var titluð tískutákn af *New York Times*, fyrir bóhemian/heimilislausu stíl sinn. Stíllinn rifjaði upp síðustu 10 ár með systrunum.



2001

Mary-Kate og Ashley byrjuðu snemma í bransanum og skutust fljótt upp á toppinn.



2002

Barnastjörnur voru þær svo sannarlega en snemma vaknaði áhuginn fyrir tísku.



2003

Á frumsýningu *Charlie's Angels 2*, fengu þær að velja sér fötin sín í fyrsta sinn.



2004

Systurnar fengu Hollywood-stjörnu og nú hægt að þekkja þær í sundur.



2006

Árið 2006 voru þær saman í auglýsingu fyrir merkið *Badgley Mischka*.




2007

Glæsilegar svarthvítar myndir og viðtal við Mary-Kate í ítalska *Vogue* birtist 2007.



2008

Gefa út bókina *Influence: Virðingarrvottur* við hönnuði og fleiri sem veita þeim innblástur.



2009

Ashley Olsen kemur fram í myndabætti *Marie Claire* ásamt ítarlegu viðtali.



2010

Alltaf smart. Systurnar gefa út fatalínuna sína *Olsenboye*.



2011

Í dag eru þær meðal ríkustu kvenna í heimi, tískutákn og eltar af papparössum.

MATUR sem svæfir þig

Ótrúlegt hvað dagarnir eru misjafnir. Stundum er varla hægt að vinna fyrir þreytu og stundum er hressleikinn ofar öllu. Stíllinn kannaði hvaða matur það er sem getur ýtt undir þreytuna í þér.

Hugsanlega uppáhaldsmorgunmatur margra, en ef þú ætlar að fá þér **hafframjöl** eða **hafragraut** er nauðsynlegt að drekka einn kaffibolla eða svo með. Kornin í **hafframjölinu** hrinda af stað insúlínframleiðslu líkt og gerist þegar þú borðar grófkornabraud. Þetta verður til þess að blóðsykurinn hækkar og gera þig syfjaða/n.



ER HAFRAGRAUT NÝJA SVEFNLYFIÐ?

Handfylli af þessum **Möndlum** og áður en þú veist af ertu farin/n að dotta. **Möndlur** innihalda trýptófan eða trý og magnesíum, sem bæði hjálpa til við að draga úr vöðva- og taugastarsemi en halda einnig hjartslættinum stöðugum.



ÞESSAR MÖNDLUR SVÆFA EN ÞÓ EKKI NAMMIMÖNDLUR

Mjólkursúkkulaði er örvandi og tilvalið að narta í það í prófatörn til dæmis. Hins vegar hefur dökkt súkkulaði aðeins öðruvísi áhrif. **Dökkt súkkulaði** inniheldur serótónín, sem er efni sem slakar á líkama og sál. Lítil biti af **dökku súkkulaði** hjálpar húðinni að halda sér rakri. En það þýðir ekki að það sé í lagi að troða í sig heilli plötu af suðusúkkulaði, einn lítil biti dugar.



MMM.. SUÐUSÚKKULAÐI ER LOSTÆTI

Austurlenska undrið **Húmmus** hefur mjög mikil svefnáhrif. Ef þú vaknar um miðja nótt, endilega japlaðu á **húmmus** ef svo vill til að þú eigir það í ísskápnnum. Hins vegar ef þú ert að vakna mikið um miðja nótt yfir höfuð er mjög líklegt að þú borðir ekki nógu margar kalóríur yfir daginn og þá er líkaminn að vekja þig til að skamma þig.



ÞAÐ MÁ DEILA UM HVORT AÐ HÚMMUS SÉ GOTT

Hunang inniheldur **glúkósa** eða þrúgusukur sem segir heilanum þínum að slaka á snerpunni. Svo ef þú átt erfitt með að sofna er gott að smakka á smá **hunangi**, jafnvel fá sér t.d. kamillute með **hunangi**. Ein matskeið er alveg nóg.



HUNANG ER ALLRA MEINA BÓT

Kirsuber innihalda **melatónín** og ef þú ert dugleg/ur að troða þeim í fæðuhringinn hjá þér, hjálpar það að koma reglu á svefninn. Melatónín er hormón eða taugahormón sem myndast í heilakönglinum. Það losnar mun meira út í blóðið á nóttu en degi. Fólk með svefntruflanir hafa notað melatónín sem hjálpartæki og er það oft kallað náttúrulega svefnlyfið. **GO CHERRIES!**



ÞAU FÁST EKKI ALLTAF Á ÍSLANDI, EN GÖÐ ERU ÞAU

FERILLINN



Gary Oldman

Hæð: 175 sentimetrar.
Besta hlutverk: Sirius Black í Harry Potter.
Staðreynd: Gary Oldman var handtekinn fyrir ölvunarakstur árið 1991 en leystur úr haldi morguninn eftir. Með honum í bílnum var enginn annar en Kiefer Sutherland.
Eitruð tilvitnun: „Leikari sem segist lifa sig alveg inn í karakterinn er að bulla nema hann sé greindur með geðklofa.“

1958 Fæðist þann 21. mars í London. Oldman var mikill söngvari og tónlistarmaður sem barn en ákvað að gefa tónlistina upp á bátinn og snúa sér alfarið að leiklistinni á endanum.

1978 Útskrifaðist úr leiklistardeild Rose Bruford College og lék næstu árin mikið í leikhúsum.

1986 Fékk fyrsta stóra hlutverkið sitt í kvikmyndinni Sid & Nancy þar sem hann fór með hlutverk hins sturlaða Sid Vicious, bassaleikara The Sex Pistols.

1990 Giftist leikkonunni Uma Thurman. Þau skildu tveimur árum síðar.

1991 Lékk mikilvægasta hlutverk ferils síns í bandarísku kvikmyndinni JFK. Oldman fór með hlutverk morðingjans Lee Harvey Oswald og kom sér rækilega á kortið með frammistöðunni.

1993 Kom fram í tónlistarmyndbandi Guns 'n' Roses við lagið Since I Don't Have You sem djöfullinn.

2001 Fékk Emmy-verðlaunin fyrir leik sinn í tvöföldum þætti af sjónvarpsþáttaseríunni Friends. Oldman leikur þar hrokafullan leikara sem hrækir ítrekað framan í Joey er þeir leika saman í kvikmynd um seinni heimsstyrjöldina.

2004 Landaði hlutverki Sirius Black, guðföður Harry Potter og lék í fjórum kvikmyndum um galdratrákinn knáa. Heyrst hefur að Oldman og Daniel Radcliffe sem leikur Potter hafi orðið mjög nánir vinir við gerð myndanna.

2005 Lékk hinn hógværa James Gordon í kvikmyndinni Batman Begins. Fór aftur með hlutverk Gordon í framhaldinu The Dark Knight sem náði töluvert meiri vinsældum en fyrri myndin.



Frumstýningar helgarinnar

Red Riding Hood

Leikstjóri: Catherine Hardwicke.
Aðallutverk: Amanda Seyfried, Lukas Hass og Gary Oldman.
Aldurtakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Lengd: 90 mínútur.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Kringlunni og Egilshöll.

Hér er á ferðinni dekkri uppfærsla af ævintýrinu fræga um Rauðhettu og úlfinn þar sem hin unga Valerie



(Seyfried) ákveður að hlaupast á brott með skógarhöggsmanninum Peter til að forðast annað hjónaband. Varúlfur hefur haldið sig í skógi bæjarins í nokkurn tíma og nú er hann orðinn virkilega svangur svo bæjarbúar fá prestinn Solomon (Oldman) til að hjálpa sér. Allt þetta fléttast saman í hryllingsævintýri þar sem Valerie virðist á dularfullan hátt tengjast varúlfinum sterkum böndum og grunur leikur á að hann sé í raun einn af íbúum bæjarins.

Rio

Leikstjóri: Carlos Saldanha.
Talsetning: Ævar Þór Benediktsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Björgvin Franz Gíslason, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Ólafur Sk. Þorvalds, Orri Huginn Ágústsson og Magnús Jónsson.
Aldurtakmark: Ekkert.
Lengd: 96 mínútur.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri. Sjaldgæfi armpáfinn Blu lifir fábrotnu lífi í bókaverslun í Moose Lake í Minnesota. Þegar vísindamenn finna kvenkyns bláan armpáfa í borginni Rio de Janeiro í Brasilíu er ákveðið að koma þeim saman til að viðhalda stofni tegundarinnar. Þegar þangað er komið kynnist Blu hinni frjálslugu Jewel og steinfellur fyrir henni. Til þess að vinna hjarta hennar þarf Blu þó að leysa eitt vandamál, flughræðslu. Ævintýrið gengur ekki snuðrulaust fyrir sig.



Chalet Girl

Leikstjóri: Phil Traill.
Aðallutverk: Felicity Jones, Ed Westwick og Bill Nighy.
Aldurtakmark: Ekkert.
Lengd: 100 mínútur.
Kvikmyndahús: Sambíóin Egilshöll og Álfabakka. Hin 19 ára Kim Matthews (Jones) hefur aldrei passað inn í umhverfi sitt í Englandi. Hún er fyrrum hjólabrettameistari og þá fara hjólin að snúast. Kim skráir sig í snjóþrekkakeppni til að reyna að komast yfir verðlaunaféð og svo hittir hún auðvitað strák (Westwick) sem hún verður skotin í til að toppa ævintýrið alveg.



Boy

Leikstjóri: Taika Waititi.
Aðallutverk: James Rolleston, Taika Waititi og Te Aho Aho.
Aldurtakmark: Ekkert.
Lengd: 87 mínútur.
Kvikmyndahús: Bíó Paradís. Árið er 1984 og Michael Jackson er kóngurinn, meira að segja í Waihauflóa í Nýja Sjálandi. Hér hittum við Dreng, 11 ára strák sem býr á bónda-býli með ömmu sinni, geit og yngri bróður sínum, Rocky (sem heldur að hann búi yfir ofurkröftum). Skömmu eftir að amman heldur á brott í vikuförðalag birtist faðir Drengs. Drengur hafði ímyndað sér að faðir sinn væri mikil hetja að öllu leyti, en þarf nú að horfast í augu við veruleikann; pabbi hans er hæfileikalaus smábófi sem hefur snúið aftur einungis til að finna poka fullan af peningum sem hann hafði grafi í jörðu mörgum árum áður.



KVIKMYND

Groundhog Day á alvarlegri nótum

Source Code fjallar um þyrluflugmanninn Colter Stevens (Jake Gyllenhaal) sem vaknar skyndilega um borð í lest. Á móti honum situr kona (Michelle Monaghan) en hún þekkir hann ekki sem Colter Stevens. Eftir aðeins 8 mínútur springur lestin og Stevens vaknar í einhvers konar hylki. Hann kemst fljótlega að því að hann þarf að fara aftur um borð í lestina og finna þann sem er ábyrgur fyrir sprengjunni. Annars springur önnur sprengja. Það sem er frábært við þessa mynd er að það er í rauninni enginn inngangur í myndinni. Myndin byrjar strax og grípur mann alveg frá byrjun. Maður hefur engan tíma í að velja því fyrir sér hver það er sem kom sprengjunni fyrir. Myndin er mjög hröð og maður gleymir sér alveg þegar maður horfir á hana. Öll tæknivinnsla er einnig mjög flott. Leikararnir eru allir mjög góðir og þar fer Jake Gyllenhaal fremstur í flokki. Gyllenhaal og Monaghan ná ótrúlega vel saman miðað við hvað það fer enginn tími í að kynna persónur myndarinnar.

Full einföld á köflum
 Þessi mynd er sci-fi tryllir og þannig myndir fá oft

áhorfandann til spyrja sjálfan sig ýmissa spurninga. Source Code gerir það. Endirinn skilur mann eftir veltandi hlutunum fyrir sér og er ég viss um að menn túlki endinn á ýmsa vegu. Það sem angraði mig hins vegar er að sumar lausnirnar í myndinni voru full einfaldar. Það var stundum eins og það væri ekkert mál að leysa þessi vandamál sem aðalpersóna myndarinnar stóð frammi fyrir. Myndin sveiflast svolítið frá því að vera einföld spennumynd yfir í djúpar Matrix-pælingar inn á milli. Myndin komst því ekki alveg yfir þröskuldinn í að vera virkilega góð mynd. Ég mæli samt hiklaust með henni. Hún er aðeins 93 mínútur sem ætti að heilla þá sem nenna ekki að sitja lengi yfir myndum.

Tómas Leifsson

Source Code



Leikstjóri: Duncan Jones.
Aðallutverk: Jake Gyllenhaal, Michelle Monaghan og Vera Farmiga.
Lengd: 93 mínútur.



Popp-korn

Fjórða myndin í hryllingsmyndaflokknum *Scream* verður frumsýnd um helgina.







Myndin er athyglisverð fyrir ýmsar sakir en einkum þær að sjálfur leikstjóri myndarinnar, **Wes Craven**, hafði orð á því fyrir sex árum síðan að afar hæpið væri að gera fleiri en þrjár myndir. Nú hefur hins vegar öllu verið tjaldað til og eru helstu persónur gömlu myndanna verið kallaðar til aftur og þar með leikararnir **Courteney Cox**, **David Arquette** og **Neve Campbell** sömuleiðis.



Tölvuteiknimyndin frá **Pixar**, *Cars 2*, verður ein af sumarmyndum 2011 og er hennar beðið af mikilli eftirvæntingu. Fyrri myndin um talandi bílana þótti afar vel heppnuð og því verður forvitnilegt að fylgjast með útkomu framhaldsmýndarinnar. Á meðal leikara sem ljá bílum röð sína í myndinni eru **Owen Wilson** og **Michael Caine**. Alvöru aðaendur *Pixar*-myndanna geta fylgst grannt með kynningu myndarinnar á netinu en á *EmpireOnline.com* hafa verið kynntar til leiks nýjar persónur úr myndinni með reglulegu millibili.

Fyrir rúmu ári síðan var Broadway-söngleikurinn **American Idol** frumsýndur vestanhafs. Söngleikurinn heitir eftir samnefndri plötu rokkhljómsveitarinnar **Green Day** enda saminn í kringum lögin á plötunni og inniheldur eingöngu lög **Green Day**. Söngleikurinn hefur augljóslega þótt vekja lukku því nú hefur kvikmyndarinn Universal Pictures áform um að koma söngleikum á hvíta tjaldið í kringum árið 2013.

Maður að nafni **Jack Jordan** sem var dæmdur árið 2008 fyrir að ofsækja og áreita leikkonuna **Uma Thurman** verður í mánuðinum kallaður aftur fyrir rétt í New York fyrir að hafa reynt að setja sig í samband við leikkonuna á ný. Maðurinn, sem er sagður hafa mætt heim til hennar, hringt í fjölskyldu hennar og sent henni undarleg bréf árið 2008, var þá bannað að reyna að nálgast hana með nokkrum hætti í fimm ár. Heimildir kveða að hann hafi nú reynt að hringja í hana aftur í október en sjálf hefur Thurman ekki viljað tjá sig um málið.



FERMINGARVEISLAN ER BYRJUD Á KANANUM!



FERMUM OKKUR AFTUR! BARA ÚTAF GJÖFUNUM

PÓSTAÐU FERMINGARMYNDINNI PINNI Á FACEBOOK KANANS
FM100.5 . SÁ SEM FÆR MEST "LIKE" VINNUR. SÁ SEM
VINNUR FÆR RISA FERMINGARVEISLU FRÁ KANANUM MED
ÖLLUM GJÖFUNUM, KRANSAKÖKUNNI, SNITTUNUM OG
BRAUÐTERTUNUM.

ENGAR FRÆNKUR ENGIR FRÆNDUR!
BARA "FRÆNKUR" OG "FACEBOOK-FRIENDS"

KVEIKTU Á KANANUM!



KANINN FM 1005

KANINN - BESTA TÓNLISTIN, FRÉTTIR OG SKEMMTILEGASTA FÓLKID

SKEIFAN 7 - 3. HÆÐ - 108 REYKJAVÍK - 571 1110 - KANINN@KANINN.IS

JÓNAS SIG OG VALDIMAR
Austurbæjar
Fimmtudagur kl. 21:00



Brjóta popplagaformið upp

Jónas Sigurðsson og Ritvélur framtíðarinnar halda tónleika í Austurbæ fimmtudagskvöldið 14. apríl ásamt hljómsveitinni Valdimar. „Þetta verða mjög flottir tónleikar,“ segir Jónas spennur fyrir kvöldinu sem hann segir verða í veglegri kantinum. „Við ætlum að gefa allt í þessa tónleika og verðum með stóra blásturssveit svo þetta verður kraftmikil skemmtun,“ útskýrir Jónas sem er einnig hæstánægður með að spila loksins með hljómsveitinni Valdimar. „Bæði böndin eru að gera tónlist á íslensku og við vinnum mikið með stærri útsetningar sem brjóta popplagaformið upp,“ segir hann og bætir við að hljómsveitirnar tvær hafi lengi langað til að gera eitthvað saman. Jónas segist ætla að halda sig við stóra tónleika á næstu mánuðum þar sem bandið er orðið mjög stórt í sniðum núna. „Við höfum reynt að skera bandið niður en þá vantar einhvern veginn eitthvað,“ útskýrir hann en Jónas Sig og Ritvélur framtíðarinnar munu næst spila á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður á Ísafirði um páskana. Miðaverð á tónleikana í Austurbæ fimmtudagskvöldið 14. apríl er 1.500 krónur og miðasala fer fram á Midi.is.

fílófaxið

fimmtudagur 14 apríl laugardagur 16 apríl

TÍSKUSÝNING
Turninn Smáratorgi
20:00 Lokasýning fatahönnunar- og textílnema Fjölbrauta-skólans í Garðabæ. Sextán hönnuðir sýna lokaverkefni sín svo áhugafólk um tísku ætti ekki að missa af þessari sýningu.

VIGRI, ÚTIDUR OG ANDVARI
Sódóma
21:00 Hljómsveitirnar Vigri, Utidur og Andvari skella í spennandi tónleika í Sódómu. Böndin spila öll lágstemmda og ljúfa tónlist svo hér er á ferðinni góður valkostur fyrir þá sem nenna ekki á brjáláða rokk-tónleika þessa helgina.

SKAKKAMANAGE OG TYLER BRETT
Dillon
22:00 Hljómsveitin Skakkamanage hefur legið í dvala í tæp tvö ár en hefur nú ákveðið að koma fram á Reykjavík Music Mess á Nasa um helgina. Meðlimir sveitarinnar geta þó ekki beðið og ákváðu því að halda tónleika á Dillon til að hita upp fyrir helgina. Kanadíski tónlistar- maðurinn Tyler Brett hitar upp með tónlist sem hefur verið líkt við tóna Donovan á dimmum degi.

föstudagur 15 apríl

ASSASIN OG AGENT FRESCO
Hvíta húsið Selfossi
22:00 Hljómsveitirnar The Assasin Of A Beautiful Brunette og Agent Fresco leiða saman hesta sína í heimabæ þeirra fyrrnefndu. Um er að ræða sannkallaða rokk-tónleika sem enginn má missa af. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

PÉTUR BEN
Faktorý
22:00 Pétur Ben leikur ásamt hljómsveit sinni nýtt efni í bland við gamalt. Sérstakur gestur verður enginn annar en Eberg. Kippi Kanínus kemur einnig fram á þessum skemmtilegu tónleikum þar sem elduð verður fyrir gesti hypnótísk blanda af rokki og óbeisluðum kynþokka. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

STJÓRNLÖG UNGA FÓLKSINS
Iðónó
14:00 Í vikunni opnaði vefsíða þar sem ungt fólk getur skoðað efni tengt stjórnskránni og kynnt sér hana. Þingungmennaráða í Reykjavík verður haldið í Iðónó til að ræða efni hennar og er ungt fólk hvatt til að mæta.

BLÚSHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
Gamla höfnin
14:00 Blúsbelgir, Blúshundar, kvikmyndasýning og fleira á opunarviðburði hinnar árlegru Blúshátíðar í Reykjavík. Þarna verður Mojódyr hátíðarinnar kynnt en í fyrra var það hesturinn Blossi. Hamborgarar, humar, harðfiskur og fleira til sölu fyrir svanga blúsara.



ROKKTÓNLEIKAR
Sódóma
22:00 Hljómsveitirnar Endless Dark, We Made God og Moldun spila rokk fyrir gesti Sódómu eins og ekkert sé og lofa mögnuðum tónleikum. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

PINETOP PERKINS HEIÐURSTÓNLEIKAR
Café Rósenberg
22:00 Allir blúsarar landsins heiðra hinn goðsagnakennda Pinetop Perkins af alkunnri snillið. Dagana 19.-21. apríl heldur hátíðin svo áfram með þrennum stórtónleikum á Hilton Nordica sem enginn blúsaóðandi má missa af.

Bólurnar burt!

„Ég hef verið með bólur í andliti síðan ég var 16 ára. Ég reyndi allt... síðan fann ég loksins það sem virkaði. Það heitir Proactiv®“

Vanessa Williams

www.heilsubudin.is

LOKAPRÓFIÐ

14. apríl 2011 | MONITOR skólinn

Ég heiti Vignir Snær Vigníusson a) Friðriki Dór

Þú veist hver ég er af því ég er alltaf að reyna róað mér þar sem ég fe athygli.

Mér finnst skemmtilegast að

a) Semja lög.
b) Spila á gítarinn minn.
c) Syngja í sturtunni.
d) Taka upp plötur.
e) Taka kusk úr naflanum mínum.

Besta íslenska hljómsveit allra tíma er

a) Írafár
b) Sóldögg
c) Land og synir
d) Skítamóráll
e) Buttercup

Af því að KK band er snillingur

Besta íslenska söngkonan er

a) Selma Björns.
b) Birgitta Haukdal
c) Jóhanna Guðrún. Það er allt
d) Regína Ósk. því þá er
e) Björk. myndi mér þá við eitthvað

Ég hef samið ? lög um ævina og mér finnst 10 þeirra góð.

Uppáhaldsmaturinn minn er allskonar ég er svo mikill matmaður en ég get ekki hugsað mér að borða snigla

Það sem fáir vita um mig er að ég væli eins og litid barn þegar ég þarf að fara í sprautu.

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Vignir Snær Vigníusson

Ég táraðist yfir

a) The Notebook
b) Armageddon
c) Titanic
d) Moulin Rouge ég fékk eitthvað í au
e) Öllum ofaftöldum kvikmyndum

Af því að þú listin var flöt og ekki eyðileggur Nicole Kidman fyrir

Af eftirfarandi myndi ég helst vilja taka upp plötu með

a) Friðriki Ómari
b) Friðriki Þór
c) Friðriku Geirs (Rikku)
e) Geir Ólaf

Af því að ég er verstí kokkur í heimi
Ég gæti gert þu skipti allt við þu hana og lært að elda eitthvað gott.

Besta Eurovision-lag allra tíma er In my dreams sem keppti fyrir hönd Noregi árið 2005

Frægasta manneskja sem ég þekki er Magni (Það þekki hann allir á Austurlandi).

SATT OG ÓSATT

Ég kenndi sjálfum mér á gítar s

Ég er með mesta gítarsigg á landinu s Veit ekki, hef aldrei farið í sigg keppni

Ég elska Eurovision s

Ég samdi öll Írafárlög s Ég samdi öll nema eitt

Ég tek yfir 40 kg í bekk s Ég vona þat.

Ég er með skalla eins og Þorvaldur Bjarni en nota hárkollu s David Addison verðum á sangstíva

Síðasta sms sem ég fékk var frá Hreim og í því stóð 12 hjó þér. Ég kem með úpuna.

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Will Ferrell til að leika mig en líklega yrði það samt Egill Helgason

Ekki spyrja mig um forbolta en ég er óerfæddingur í háhuga manni um gítara og gítarur. Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Lífið er yndislegt eins og vinur minn orðaði svo fjalllega.

Síðast en ekki síst

» Hrafnkell Örn Guðjónsson, trommuleikari, fílar:

Kvikmynd 127 hours er mjög kúl mynd um mann sem festist ofan í sprungu og tekur sjálfan sig upp á vídjó til að halda geðheilsu. Hún gerist líka nánast öll á einum stað en nær samt að halda athygli manns.

Sjónvarpsþáttur It's Always Sunny in Philadelphia er alltaf í uppáhaldi hjá mér. Danny Devito er ógeðslega fyndinn og Green Man er besti karakter allra tíma!

Bók Beðið eftir Sigurði eftir ritlistarnema Háskólans er náttúrulega besta bókin sem kom út á síðasta ári. Svo elska ég að glugga í bókina um Guðjón Ketilsson, myndlistarmann, og gleyma mér í listinni.

Plata Um þessar mundir er ég búinn að vera að hlusta á nýja PJ Harvey diskinn, **Let England Shake**. Ég hef í rauninni aldrei komist inn í tónlistina hennar áður en ég mæli með að fólk tjekki á þessu.

Vefsíða Besta tónlistarsíðan er að sjálfsögðu **Gogoyoko.com** þar sem maður finnur megnið af íslenskrí tónlist. Annars er Flickmylife.com farin að taka yfir líf mitt upp á síðkastið.

Staður Maður fær ekki betri mat en á **bensínstöðinni á Blönduósi**. Ég geri mér ferð þangað reglulega því að beikonborgarinn er svo rosalegur.

TOWER

Borgari

máltíð
mánaðarins
á kfc

nýbakað
hamborgarabrauð

létt majónes
og tómatsósa

ferskt iceberg salat

ostur

kartöfluskífa

mjúk
kjúklingabringa



899
kr.




SV000gott™

www.kfc.is

0gr.
trans-
fita

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI



0 kr.
að hringja innan kerfis Símans með 1.990 kr. áskrift*

Vertu á Reykjavík music mess

Vertu með Netið í símanum – 300 MB fyrir aðeins 490 kr. á mánuði og 0 kr. á netið alla miðvikudaga í apríl.**

www.ring.is / m.ring.is  www.facebook.com/ringjarar



VERTU MEÐ

* 1.500 mín/SMS innan GSM-kerfis Símans og 990 kr. inngangur til að hringja í önnur kerfi – ** 0 kr. á miðvikudögum – gildir um allt niðurhal í farsíma á Íslandi, 100 MB yfir daginn.